

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MAÍ 2018

5. tbl. 25. árg.



Erum á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Kolbrúnu Baldursdóttur
sálfræðing



Miðvikudaginn 25. apríl var dagur umhverfisins þá fóru börn og kennarar á leikskólanum Bakkaborg út að tína rusl og fengu í kjölfarið meðal annars fræðslu um flokkun á rusli. Sjá nánar á bls. 9.

Hádegis tilbod
Fría kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matsæli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

FUNDIÐ FE

Nýr miði!

HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt og skafal

- bls. 8
Lokasýning
myndlistarnema
FB

**Þitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**ÓDÝRARI LYF Í
HÓLAGARÐI**

Apótekið
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

NAUTAKJÖT Á TILBOÐI

Nauta rib-eye 4.535 kr/kg

Snitsel 2.699 kr/kg

Gúllas 2.499 kr/kg

Nautalund 6.614 kr/kg

Fille 4.798 kr/kg

Innralæri 3.998 kr/kg

Nýtt í kjötborði:
Djúpsteiktar franskar
kartöflur

SELJAKJÖR
- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

5. tbl. 25. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Sextán listar en lítið svigrúm

Sextán listar eru boðnir fram við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík að þessu sinni og þarf að fara eitt hundrað ár aftur í tímann til að finna viðlíka fjölda framboða.

Eftir hrunið 2008 skapaðist mikil tortryggni í garð stjórnmalamanna sem margir vildu rekja orsakir þess til – ekki alveg að ástæðulausu.

Þótt hinn fordæmalausi vöxtur í ferðapjónustu hafi fært landinu fjármuni til þess að komast fyrir vinda og hefja uppbyggingu fjármála- og atvinnulífs að nýju þá ná þau áhrif ekki til allra.

Sýnileg misskipting er að aukast nokkuð sem ekki hentar þorra Íslendinga og íslensk samfélag hefur að miklu leyti verið laust við.

Ríkisskipað kjararáð fór með hamförum í þróun launa háttsettra án þess að stjórnmalamenn fengu að gert og aðrir sem gátu skammtað sér reyndu að fylgja á eftir.

Vaxandi mismunur veldur yllu blóði í æðum margra og brýnir verkalyðsleiðtoga til að boða harðari baráttu en sést hefur um langt skeið.

Stjórnmalaflokkarnir hafa tapað föstum viðskiptavinum því mun færri fólk fylgir sama stjórnmalaflokki um lengri tíma eða aldur og æfi en áður var.

Vegna fjölda borgarfulltrúa og lágs þröskuldar atkvæðafjölda er auðveldara fyrir fólk að bjóða fram og ná kjöri en komast áfram þar sem grónar flokksvélur ráða vali fólks til framboða.

Framboð Besta flokksins fyrir átta árum með Jón Gnarr í broddi fylkingar braut nokkurt blað og flokksræðið í borgarmálum verður ekki samt á ný.

Á undanförunum árum hefur samstarf og samvinna aukist í sveitarstjórnnum enda snúast sveitarstjórnarmál einkum um þjónustu við nærumhverfi og rekstur sveitarfélaga stórra sem smárra.

Undantekning frá því er höfuðborgin þar sem enn fara fram gamaldags barsmiðar á milli fylkinga.

Ef vel er að gáð eru litlar lýkur á að borgarmálin breytist mikið þótt ýmis framboð komi fram og hugmyndin sé ýtt á flot.

Til þess er of lítið svigrúm innan ramma sveitarstjórnarlaga.

Nágrannavarsla á ný í Breiðholti

Verkefni um nágrannavörslu er aftur að fara af stað í Breiðholti. Nýlega var haldinn opinn fundur í Gerðubergi til að kynna á ný verkefnið „Nágrannavarsla“. Verkefni hófst upphaflega í Breiðholti árið 2006 en nú á að gera átak til þess að endurvekja það. Þjónustumiðstöð Breiðholts er ábyrgðaraðili Nágrannavörslu.

Nágrannavarsla er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og íbúa og gengur út á það að íbúar taka höndum saman í forvarnaskyni. Nágrannavarsla er ein leið til að hindra innbrot og eignatjón. Meginmarkmið nágrannavörslu er að halda afbrotum frá viðkomandi götu eða hverfi auk þess sem það tengir fólk samanþ Verkefnið á einnig að efla félagssauð, samheldni og myndar þar með öruggara og ánægjulegra nágrenni. Í nágrannavörslu felst hlutverk íbúa í því að vera „augu og eyru“ götunnar eða hverfisins.

Ekki aðeins eigur heldur líka fólk

Nágrannavarsla gengur ekki eingöngu út á það að vernda eigur fólks heldur líka að líta eftir íbúum götunnar eða hverfisins. Það má gera með því t.d. að líða ekki einelti, hvort heldur er meðal barna eða fullorðinna og láta vita af eftirlitslausum partýum ungmenna þegar enginn fullorðinn er á staðnum.

Góður granni hefur auga með grunsamlegum bíla- og mannaferðum við húsín í kringum sig, sér um að passa upp á að póstur safnist ekki upp í bréfalúgu, setur sorp í ruslatunnur nágrannans þegar farið er í burtu í lengri tíma og leggur jafnvel bílnum sínum í innkeyrslu nágrannans. Þá er gott ráð þegar snjór er yfir að gengið sé upp að húsi nágrannans og látið líta út sem einhver umferð sé inn í húsið.



Nichole Leigh Mosty annst verkefni um nágrannavörslu á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Nágrannavarsla hefur sannað sig

Nágrannavarsla hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur hlekkur í að fækka glæpum og þá sérstaklega innbrotum á heimili, í bíla og almennum þjófnaði á eignum fólks. Þar sem nágrannavarsla er virk hefur skemmdarverkum einnig fækkað. Á fundnum fór fulltrúi frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu yfir nýja tölfræði um innbrot í Breiðholti og þróun nágrannavörslunnar, auk þess sem kynnt var verkefni um hverfarölt sem er spennandi viðfangsefni fyrir íbúa í hverfinu. Þeim sem vilja taka upp nágrannavörslu er bent á að hafa samband við verkefnastjóri hjá Fjölskyldumiðstöð Breiðholts í Gerðubergi í síma 411 1300 eða í gegnum netfangið nichole.leigh.mosty@reykjavik.is.

Tónleikar á Barnameningarhátíð

Miðvikudaginn 18. apríl héldu 6 og 7 ára börn af frístundaheimilunum í Breiðholti, ásamt Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts, tónleika í hátíðarsal Breiðholtskóla.

Tónleikarnir, sem voru liður í Barnameningarhátíð í Reykjavík, eru afrakstur tónlistarverkefnis á frístundaheimilunum í vetur. Á tónleikunum, sem voru vel sóttir, lék hljómsveitin undir söng barnanna, auk þess sem hún lék nokkur lög. Var þetta geysilega vel heppnaður viðburður og vonandi upphaf að frekara samstarfi frístundaheimila Miðbergs og Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts.



Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts lék á barnameningarhátíð í Breiðholti.



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◆ Office 365 þjónusta
- ◆ Gagnabjörgun og afritun
- ◆ Umsjón tölvukerfa
- ◆ Vefsíðugerð og umsjón
- ◆ Tölvuviðgerðir
- ◆ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



**GARÐS
APÓTEK**
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Vigdís Hauksdóttir 1. sæti



Baldur Borgþórsson 2. sæti



Sveinn Hjörtur Guðfinnsson 3. sæti



Sólveig Bjarney Daníelsdóttir 4. sæti

X-M FYRIR BLÓMSTRANDI BORG

MÍÐFLOKKURINN ÆTLAR AÐ:

- ✓ Forgangsraða fjármagni borgarinnar í grunnþjónustu.
- ✓ Margfalda húsnæði fyrir fjölskyldur og ungt fólk í úthverfum borgarinnar.
- ✓ Bjóða upp á gjaldfrjálsan mat í grunnskólum borgarinnar.
- ✓ Skipuleggja nýtt svæði fyrir þjóðarsjúkrahús að Keldum.
- ✓ Standa vörð um að flugvöllurinn verði áfram hjarta allra landsmanna í höfuðborginni.
- ✓ Bæta gatnakerfið og stytta ferðatímann fyrir fjölskyldubílinn.
- ✓ Bjóða upp á gjaldfrjálsan Strætó fyrir þá sem eiga lögheimili í Reykjavík.
- ✓ Tvöfalda upphæð Frístundakortsins úr 50.000 kr í 100.000 kr.
- ✓ Fjölga kennslustundum í verk-, tækni-, og listgreinum grunnskóla.
- ✓ Stórefla Vinnuskóla fyrir 13 til 18 ára með auknu starfsvali.



MÍÐFLOKKURINN

VIÐTALIÐ

Ég segi Fólkið fyrst

- segir Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur sem skipar fyrsta sæti á lista Flokks fólksins

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur hefur verið búsett í Seljahverfi í 15 ár og starfað í Mjóddinni um árabíl, sem heilsugæslu-sálfræðingur og einnig á Göngu-deild Sóttvarna með viðtöl fyrir hælisleitendur. Hún ólst upp í Vesturbænum en kveðst talsvert hafa verið á flækingi.

„Þabbi var orðinn langt leiddur alkóhólisti þegar ég var um fimm ára en þá náði mamma að skilja við hann. Á heimilinu hafði verið heimilisofbeldi. Bernskuárin mín einkenndust af fátækt og einmanaleika. Þegar ég var 13 ára eignaðist ég stjúpa, annan alkóhólista. Um þetta leyti hafði ég búið á sex stöðum í borginni. Sem ung kona ákvað ég að nota alla reynslu, neikvæða og jákvæða til góðs. Ég vissi að ég yrði að mennta mig og að sálfræði skyldi verða fyrir valinu kemur kannski ekki á óvart. Í dag er ég þakklát, finn að í fórum mínum á ég marga gimsteina frá bernskunni, frá mömmu og báðum ömmum mínum en allar þessar þrjár konur voru einstæðar mæður sem strituðu fyrir lífibrauðinu.“

Hvað vill Kolbrún í borgarpólitíkinni?

„Ég gladdist mjög þegar Inga Sæland kom fram á sjónarsviðið og fann strax að hugmyndafræði hennar féll vel að minni, bæði sem persónu en einnig sem fagaðila. Ég hef öðlast víðtæka starfsreynslu og er vel kunnug borgarkerfinu. Ég er á gólfínu ef svo má að orði komast, sú sem hef verið með hundruð barna og foreldra, eldri borgara og öryrkja í viðtölum, veitt ráðgjöf, meðferð, hvatningu og huggun. Skólann og skólamálin þekki ég vel. Ég var skólasálfræðingur um 10 ára skeið. Ég á líka til annars konar reynslu sem ég held að geti nýst mér fáir ég tækifæri að spreya mig sem borgarfulltrúi. Ég er fyrrverandi formaður Stéttarfélags Sálfræðinga og þekki vel til kjaramála. Seta mín sem formaður Barnaheilla á Íslandi til sex ára er einnig afar dýrmæt og gagnleg. Hvað allri menntun og reynslu liður tel ég mig hafa góðan skilning og gott innsæi í

málefni fólks. Aðspurð finnst mér ég eiga fullt erindi í borgarmálin, hef brennandi hugsjón á að hjálpa þeim sem höllustum fæti standa.“

Núverandi borgarstjórn ekki hjálpað þeim verst settu

Kolbrún segir að núverandi borgarstjórn hafi hunsað þá verst settu. Í borginni eigi margir um sárt að binda vegna húsnæðisskorts og fátæktar. En á ný streymi loforðin frá borgarstjórn, þau sömu og fyrir átta árum. „Margar fjölskyldur hafa hrakist úr borginni þar sem engin möguleiki er fyrir hendi, hvorki að leigja né fjárfesta í þaki yfir höfuðið. Himinhá leiga er að sliga fjölda fólks og margir foreldrar eru á vergangi með börn sín. Þeir fá ýmist inni með börnin hjá vinum eða vanda-mönnum eða jafnvel í ósamþykktu iðnaðarhúsnæði. Því miður er Reykjavíkurborg að verða borg auðjöfra og ferðamanna.“

Við ætlum að velta við hverjum steini

Flokkur fólksins, fyrir hvað stendur hann? „Flokkur fólksins er nýr og ferskur flokkur sem er ekki fastur í viðjum úrelts kerfis eða annarra eldri stjórnmálaafna sem hafa áður fengið sín tækifæri en ekki staðið sig sem skyldi. Fólkið á listanum er hjartahlýtt fólk sem gefur kost á sér af hugsjón og hefur þor og áráðni til að hugsa út fyrir boxið. Við erum tilbúin til að ganga eins langt og þarf til að hagar borgarbúa, ekki bara sumra heldur allra, verður fullnægjandi. Kjörorðið okkar er „Fólkið fyrst“ Flokkur fólksins ber virðingu fyrir peningum borgarbúa. Við viljum skoða rekstrarkostnað borgarinnar ofan í kjölinn. Við viljum einfaldlega velta við hverjum steini. Umfram allt forgangsraða með réttlátari hætti en gert hefur verið síðastliðin ár. Við setjum fólkið í algeran forgang.“

Skóli án aðgreiningar er ekki að virka

„Fjölskyldan er í forgrunni þegar kemur að stefnumálum okkar – ekki síst efnaminnna fólk, aldraðir



Kolbrún segir að umfram allt verði forgangsraða með réttlátari hætti en gert hafi verið síðastliðin ár. „Við setjum fólkið í algeran forgang.“

og öryrkjar. Eftir að töku fæðingarorlofs lýkur viljum við gefa foreldrum val á því að vera heima með barnið sitt til allt að tveggja ára aldurs barnsins og greiða á þessum tíma það sama og borgarsjóður greiðir með hverju barni hjá dagmóður. Við viljum gjaldfrjálsar máltíðir í grunnskólum borgarinnar. Ekkert barn á að vera svangt vegna fátæktar. Einnig munum við koma á gjaldfrjálsu fristundaheimili fyrir börn efnaminni foreldra. Námsþörfum allra barna skal mætt með tilliti til færni þeirra og getu. Skóli án aðgreiningar er ekki að virka fyrir alla. Um 30% ungra drengja eru að útskrifast úr 10. bekk illa læsir

og með lélegan lesskilning. Þetta er gjörsamlega ófarskanlegt. Öll börn eiga að útskrifast læs eftir grunnskólanám. Við viljum ekki lóðarskort og munum vinda ofan af núverandi okri á lóðasölu borgarinnar. Við viljum samvinnu við ríki og lífeyrissjóði til að koma á fót öflugri félagslegu húsnæðiskerfi. Við viljum setja á laggirnar „hagsmunafulltrúa aldraðra“. Hlutverk hans skal vera að byggja öflugt heildstætt kerfi sem heldur utan um aðhlyningu og aðbúnað aldraðra og sér til þess að húsnæði, heimahjúkrun, dægradvölg og heimaþjónusta sé aldrei einungis viðunandi, heldur fullnægjandi. Hann á að sjá til þess að rjúfa félagslega einangrun og tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.“

Parf róttækni í samgöngumálum en „borgarlína“ er hjómið eitt

Borgarlínan berst í tal. Kolbrún segir með hreinum ólíkindum að vera að klifja á þessari svokölluðu borgarlínu. Hún er ekki og mun ekki í náinni framtíð verða að veruleika. Ekkert tryggt fjármagn og í raun er þessi umræða innantómt blaður. En hvað vill hún og Flokks fólksins gera. „Afstaða okkar er skír hvað þetta varðar. Þegar um svo kostnaðarsama framkvæmd er að ræða og það að stærri hluta á kostnað ríkissjóðs, þá er lágmark að hafa vilýrði ríkisstjórnar um fjármögnun verkefnisins. Fjármálaráðherra hefur tekið af allan vafa um að það er ekkert í núverandi fjármálaáætlun sem getur stutt kosningaloforð Samfylkingarinnar um Borgarlínu. Það er í raun með öllu óskiljanlegt hvornig hægt er að tala um slíka framkvæmd

á meðan ekki hefur tekist að koma hundruðum fjölskyldna í öruggt skjól.“

Aðgengi fyrir alla – öryrkjar eiga að lifa með reisu

„Við viljum aðgengi fyrir alla. Öryrkjar eiga að lifa í borginni með reisu. Þar ber að tryggja þeim tilveru á jafnræðisgrunni án allrar mismununar.“ segir Kolbrún.

„Eitthvað róttækt verður að gera í samgöngumálum, það er gjörsamlega ólíðandi að bíða klukkustundum saman fastur í umferðinni á hverjum einasta degi. Þessum stundum væri sannarlega betur varið heima í faðmi fjölskyldunnar. Við virðum sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem kjósa einkabílinn. Til að losa um flöskuhálsa í umferðinni viljum við ráðast í gerð mislægra gatnamóta þar sem rými er. Með því að fjölga göngubrúum í stað göngugljósa skapast mun betra flæði umferðar og einnig aukið öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.“

Við viljum styrkja og efla núverandi almenningssamgöngur til muna með því að fjölga ferðum og áfangastöðum. Einnig er sannarlega orðið tímabært að hreinsa og þrifa almennilega götur borgarinnar sem einkennast af ótrúlegum óhreindindum og svifríki með tilheyrandi aukaverkunum fyrir borgarana.“

Varist eftirlíkingar

Kolbrún segir hvern flokkinn á fætur öðrum þar með talið borgarstjórnarmeirihlutaflokkarnir hafa verið að hirða stefnumál Flokks fólksins upp hvert á fætur öðru og skreyta sig með þeim og sumt tekið upp orðrétt. „Um er t.d. að ræða málefni sem Flokkur fólksins er stofnaður í kringum, fátæktina og skólamálin: fæði, klæði og húsnæði. Ég hef verið að skrifa um þessi mál árum saman t.a.m. biðlista í greiningu sem ekki haggast og skort á sálfræðiþjónustu. Við viljum bara segja kjósendum að varast eftirlíkingar.“ Kolbrún segir þetta vera spurning um trúverðuleika og heilindi. „Ef borgarmeirihlutinn hefði virkilega ætlað sér að setja fólkið í fyrsta sæti væri ástandið ekki svona slæmt núna svo sem húsnæðisskortur og vaxandi kvíði barna. Ég bið kjósendur að láta ekki plata sig, ekki láta flokka sem aldrei hafa sett fólk í forgang slá ryki í augu ykkar nú korteri fyrir kosningar.“

Fólkið kys af hjartans sannfæringu

Hvað á að prýða góðan borgarfulltrúa? Kolbrún er fljót til svars. „Áráðni, innsæi og hlustun tel ég vera eiginleika sem eiga að prýða góðan borgarfulltrúa. Þannig erum við í Flokki fólksins. Ég óska þess af öllu hjarta að fá tækifæri til að hafa áhrif til góðs fyrir alla þá sem eiga um sárt að binda og lífa hér í fátækt og húsnæðislegu óöryggi og fá tækifæri til að vinna að grundvallarbreytingum innan skólakerfisins. Að lokum gefið okkur tækifæri til að sýna ykkur að við meinum það sem við segjum og munum vinna fyrir ykkur með blóði, svita og tárnum. Flokkur fólksins er flokkurinn þinn.“ segir Kolbrún Baldursdóttir oddviti Flokks fólksins í Reykjavík.



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- ✿ mikið úrval trjáa og runna, fjölmörg plantna og harðgerra sumarblóma
- ✿ plönturnar í matjurtagarðinn
- ✿ mold, áburð, ker og potta
- ✿ góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bilastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

Áfram Reykjavík

XS

Á þessu kjörtímabili í Breiðholti

- Nýtt gervigras hjá Leikni og ÍR
- Framkvæmdir við frjálsípróttavöll ÍR
- Knattús í Mjódd boðið út
- Endurnýjun og bætt aðstaða í Gerðubergi
- Viðhaldsframkvæmdir í skólum
- Ný ungbarnadeild opnuð við leikskólann Holt í Völvufelli
- Endurbætt aðstaða fyrir börn í Breiðholtslaug og lengdur opnunartími
- FabLab í FB
- Tuff-verkefnið til að hvetja börn til þátttöku í frístundastarfi
- Samþykkt að friða Elliðaárdal
- Nýr gervigrasvöllur við Blöndubakka
- Líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug
- Tónlistarhátíðin Breiðholts-festival
- Fjölgun barna í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
- Geðheilsumiðstöð Breiðholts opnuð
- Íbúðir Félags eldri borgara í Mjódd

Á næsta kjörtímabili í Breiðholti

- Borgarlína tengir Breiðholt við önnur hverfi borgarinnar
- Endurnýjun verslunarkjarnanna við Arnarbakka og Völvufell
- Friðunarferli Elliðaárdals lýkur
- Verkefni um fjölbreyttari frístundir fer af stað
- Lokið við frjálsípróttavöll ÍR í Mjódd
- Lokið við knattús ÍR í Mjódd
- Lokið við íþróttahús ÍR í Mjódd
- Lokið við göngubrú yfir Breiðholtsbraut milli Seljahverfis og Fellahverfis
- Ný leikskóladeild opnuð í haust við leikskólann Jöklaborg í Seljahverfi
- Viðbygging við leikskólann Seljakot og fjölgun leikskólaryma
- Öflugt samstarf við Rauða krossinn
- Hafinn undirbúningur að fimleikahúsi í Efra-Breiðholti
- Áfram unnið að heilsueflandi Breiðholti
- Lokið við íbúðir Félags eldri borgara og Búseta í Mjódd

Ókeypis fjölskylduráðgjöf í Gerðubergi



Okkur er mikil ánægja að geta nú í fyrsta skipti boðið upp á fjölskylduráðgjöf í Fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts fyrir íbúa Breiðholts segir Elísabet Karlsdóttir forstöðumaður Fjölskyldumiðstöðvar í Gerðubergi og félagsstarfs í Breiðholti. Fastir viðtalstímar okkar verða frá kl. 10 til 12 á þriðjudögum í maí. Einnig er í lagi að mæta í félagsstarfið í Gerðubergi en betra að panta tíma til að þurfa ekki að bíða ef verður mikil eftirspurn," segir Elísabet.

Elísabet segir að fjölskyldur glími oft við fjölþættan vanda. Því geti oft verið gott að ræða við sérfræðing um málin. Þetta geri átt við um vanda sem skapast í samböndum eða hjónaböndum. Vandir vegna barna og margt fleira sem komið getur upp á bæði í fjölskyldum og hjá einstaklingum. Þessi þjónusta er gjaldfrjál og fólk þarf því ekki að kvíða fjárútlátum vegna hennar.

Annie Ling

Fjallar um ferðamenn og flóttafólk á sýningu í Gerðubergi

Nú sendur yfir í Gerðubergi ljósmyndasýning kanadíska listakonunnar Annie Ling. Sýningin dregur upp mjög óhefðbundna mynd af flóttafólki sem hér dvelur en Annie hefur ferðast víða um heim og unnið að verkefnum sem krefjast þess að hún kynnist náið fólkinu sem hún fjallar um til að fá raunsanna innsýn í líf þeirra og aðstæður. Annie Ling er alin upp í Kanada, búsett í New York en hefur á undanförunum misserum dvalið með hléum á Íslandi.

Á sýningunni byrjar Annie á því að skoða hvað það er sem dregur svo marga ferðamenn til landsins, hvort sem það eru framandlegar hraunbreiður, jöklar eða fossar. Íbúafjöldinn á Íslandi þrefaldast á hverju ári vegna ferðamannastraumsins sem koma hvaðanæva að úr heiminum til að skoða öll þau mögnuðu fyrirbæri sem landið býður upp á.

Á sama tíma sækja sífellt fleiri flóttamenn um hæli á Íslandi og því er mikilvægt að athuga hvernig hælisleitendur upplifa Ísland. Staða þeirra er mjög ólík stöðu ferðamanna en samt sem áður fá sumir að dvelja á gistiheimilum innan um túrista þótt flestir dvelji í mikilli einangrun. Í þessum hópi eru flestir frá Balkanskaganum og Miðausturlöndum og þurfa margir



að bíða lengi eftir að fá svör um dvalarleyfi. En Ísland er ekki endilega þeirra draumastaður. Meirihluti flóttamanna kemur til Íslands eftir að hafa fengið neitun um hæli annars staðar. Því spyr Annie Ling: „Hvernig gengur þeim að aðlagast og skapa sér heimili hér á landi? Er þetta himnaríki eða helvíti. Vefsíða Annie Ling er: www.annielingphoto.com Sýningin stendur til 24. ágúst.



Annie Ling.



Endurmenntun atvinnubílstjóra

- Ökuskólinn í Mjódd er með öll námskeið til ökunáms
- Almenn tækunám B réttindi á íslensku, ensku, pólsku og tælensku.
- Akstursbannsnámskeið
- Bifhjóla/mótorhjóla námskeið
- Meirapróf á íslensku og pólsku
- Afleysingamenn leigubílstjóra/harkara námskeið
- Rekstrar/leyfishafan námskeið

Námskeið í maí 2018

26.maí kl. 09:00-16:00 > Umferðaröryggi - bíltækni

26.maí kl. 09:00-16:00 > Vistakstur - öryggi í akstri

Gert er ráð fyrir að haustnámskeið hefjist í lok ágúst 2018
Nánar á bilprof.is

Námskeið í júní 2018

Lau.2.júní kl.09:00 - 16:00 > Vöruflutningar

Lau.2.júní kl.09:00 - 16:00 > Lög og reglur

Lau.9.júní kl.09:00 - 16:00 > Vistakstur - öryggi í akstri

Lau.9.júní kl.09:00 - 16:00 > Farþegaflutningar

Lau.16.júní kl.09:00 - 16:00 > Vöruflutningar

Lau.16.júní kl.09:00 - 16:00 > Umferðaröryggi - bíltækni

Lau.23.júní kl.09:00 - 16:00 > Lög og reglur

Lau.23.júní kl.09:00 - 16:00 > Umferðaröryggi - bíltækni

Lau.30.júní kl.09:00 - 16:00 > Vöruflutningar

Lau.30.júní kl.09:00 - 16:00 > Farþegaflutningar

Skráning á námskeið fer fram á bilprof.is

Ökuskólinn í Mjódd - Parabakka 3 - 109 Reykjavík - s:567 0300 - mjodd@bilprof.is



Breiðholt er líka Reykjavík!

Breiðholt er langfjölmennasta hverfi borgarinnar með yfir **21.000 íbúa**. Þrátt fyrir það virðist núverandi borgarstjórnarmeirihluti einungis hafa áhuga á miðborginni og Vesturbænum. Við viljum að öll hverfi borgarinnar blómstri og ætlum að tryggja að þau fái öll þá þjónustu og athygli frá borginni sem þau eiga skilið.



*Framsóknarflokkurinn
- fyrir alla Reykjavík!*

FB-ingar fréttamenn án landamæra

Fjórir afbragðsduglegir nemendur úr FB, þau Sara Sigurðardóttir, Krístrún Kristinsdóttir og Arna Rún Pétursdóttir á myndlistarbraut og Kjartan F. Bjarnason á íþróttabraut tóku þátt í 10 daga Erasmus+ fréttamennskuverkefni á eyrni Kefaloníu í Grikklandi nú í maíbyrjun.

Þau tóku viðtöl við sérfræðinga um brennandi samtímamálefni, ljósmynduðu, tóku upp og unnu með öðrum nemendum frá Frakklandi, Grikklandi Spáni og Þýskalandi. Botninn var sleginn í ævintýrið með hraðferð til Aþenu þar sem hin sögufræga Akropolis var skoðuð í dúndrandi eldinga- og þrumuveðri. Nemendur úr FB vinna með jafnöldrum frá fimm löndum sem „Fréttamenn án landamæra“.



Myndirnar voru teknar í ferðinni. Önnur á meðal fornminja á Akropolis en hin af FB-fréttamönnum án landamæra stilla myndavélarnar sínar.

Lokasýning myndlistarnema FB var haldin í Læknaminjasafninu á dögnum. Hér má sjá nokkur verka hæfileikaríkra myndlistarnema ásamt myndum þeim sjálfum.



Karl Berndsen

Kolbrún Baldursdóttir

Ásgerður Jóna Flosadóttir



FÓLKID FYRST

Tískusýning í FB

Nýlega var haldin glæsileg og fjölsótt tískusýning í FB. Það voru útskriftarnemendur á fata og textílbraut sem sýndu afrakstur annarinnar.

Nemendur sáu sjálfir um allt skipulag sýningarinnar og nemendur snyrtibrautar FB sáu um förðun. Hér má sjá nokkrar myndir frá sýningunni.



Umhverfisdagur í Bakkaborg

Af því að miðvikudaginn 25. apríl var dagur umhverfisins fóru börn og kennarar á leikskólanum Bakkaborg út að tína rusl og fengu í kjölfarið meðal annars fræðslu um flokkun á rusli.

Börnin voru mjög áhugasöm og virk í tínslnunni og olli þetta vitundarvakningu hjá þeim um umhverfið.



MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Pórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fasteignasalan
Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Filman 2018

- Kvikmyndahátíð Miðbergs

Álfarnir og töfra- hálsmenið sigraði



Ungt kvikmyndagerðarfólk með viðurkenningar sínar.

Kvikmyndahátíðin Filman var haldin fimmtudaginn 26. apríl í Sambíóunum Álfabakka, en þar voru sýndar stuttmyndir eftir börn í 3. og 4. bekk á frístundaheimilum í Breiðholti.

Börnin hafa í vetur unnið í kvikmyndaklúbbum, skrifað handrit, leikið og klippt sínar stuttmyndir undir handleiðslu Davíðs Hólm Júlíussonar. Sigurmyndin á hátíðinni kom frá frístundaheimilinu Regnboganum og heitir Álfarnir og töfrhálsmenið. Kynnir á hátíðinni var enginn annar en hverfishetjan Hafsteinn Vilhelmsson sem hefur verið brautryðjandi í kvikmyndagerð með börnum í Breiðholti. Til hamingju með þessa flottu kvikmyndahátíð sem ryður brautir fyrir skapandi krakka.



Hafsteinn Vilhelmsson hverfishetja með meiru var kynnir á hátíðinni en hann hefur unnið gott starf að kvikmyndagerð með börnum í Breiðholti.



Kór sem var skipaður 120 börnum úr fyrsta og öðrum bekk Hólabrekkuskóla söng falleg sönglög eftir íslensku tónskáldin Kristjönu Stefánsdóttur, Ólaf Hauk Simonarson, Atla Heimi Sveinsson og Jón Ásgeirsson á barnamenningarhátíð 2018. Hljómsveit með nemendum og kennurum úr Tónskóla Sigursveins lék undir. Fjöldi foreldra og annarra góðra gesta mættu á þessa frábæru tónleika ásamt nemendum í þriðja til fimmta bekk. Myndin er af kórnum og hluta áheyrenda í Fella- og Hólabrekkuskóla þar sem tónlistarflutningurinn fór fram.

Bækur á ýmsum tungumálum í Hólabrekkuskóla

Á síðasta ári var bryddað upp á þeirri nýbreytni í Hólabrekkuskóla að biðja starfsfólk skólans á faraldsfæti að koma með barnabækur frá því landi sem það heimsækir í stað þess að kaupa glaðning í fríhöfninni til að bjóða uppá á kaffistofu starfsmanna.

Þetta hefur gefið góða raun og höfum við fengið bækur á: ensku, dönsku, pólsku, þýsku, spænsku, króatísku, hollensku, tyrknesku, víetnömsku, taílensku, japönsku og grænlandsku. Þetta hefur komið sér vel þar sem uppruni nemenda er fjölbreyttur og viljum við stefna að því að eiga einhverjar bækur á móturmáli sem flestra. Enn vantar mikið upp á sett markmið, en með hverri



Sýnishorn af erlendum bókum sem Hólabrekkuskóla hafa borist.

bók þokumst við nær. Einstaka skólans, eins og bækur frá bækur hafa borist frá velunnurum Vietnam og Japan.

Sumarskólinn í FB

- Kennt verður frá 28. maí til og með 23. júní
- Prófdagar verða 25., 26. og 27. júní
- Um 60 áfangar verða í boði
- Boðið er upp á marga áfanga í dreifnámi
- Nemendur mega taka eins marga áfanga og þeir kjósa
- Það er ekki mætingaskylda í Sumarskólanum í FB

Verð fyrir fimm feininga áfanga er 29.000 kr

Skráning í fullum gangi á www.fb.is

Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og sumar@fb.is

Kvöldskóli FB

Haustönn 2018

Húsasmiðabraut,

Sjúkraliðabraut,

Rafvirkjabraut,

Fab-Lab áfangar

Margir áfangar til stúdentsprófs.

Kennsla hefst 22. ágúst 2018.

Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og kvold@fb.is

D

Breytum

borginni

Breytum

borginni

Breytum

borginni

Breytum

Breytum ■ ■ borginni

- Sjálfstæðari hverfi – borg sem þjónar þér
- Íbúðir fyrir ungt fólk á viðráðanlegu verði
- Greiðar og vistvænar samgöngur
- Leikskólapláss fyrir öll 18 mánaða börn
- Hrein borg – tökum til í Reykjavík

Breytum

borginni

Félagsstarfið í Gerðubergi

Glæsileg vorsýning og opið í allt sumar

Félagsstarfið í Gerðubergi er með því fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Á lögum tíma hefur það þróast í átt til fjölbreytni og stöðugt fjölbreyttari hópar sækir þangað. Nýlega tók Helga Ben við starfi leiðbeinanda í félagsstarfinu og heldur utan um það sem er gerast þar dag frá degi. Breiðholtblaðið leit við henni í tilefni af sýningu á munum sem fólk í félagsstarfinu hefur unnið á liðnum vetri.

“Við erum með fjölbreyttan hóp fólks og ekki aðeins heldri borgara heldur fólk bæði karla og konur á öllum aldri. Mér finnst mikilvægt að félagsstarfið nái til sem flestra óháð aldri og kyni.” Helga sá á sínum tíma um karlakaffi í Seljahlíð nokkuð sem gert var til þess að laða karlmenn að starfinu. “Þeir hafa oft önnur áhugamál en konurnar og eru stundum tregari að koma en rabbfundir eru vinsælir hjá þeim.” Eru þeir þá ekki aðallega að tala um pólitík. “Jú þeir tala um pólitík en líka margt annað sem að gerast frá degi til dags og hafa ýmsar skoðanir. Það getur verið mjög gaman á svona fundum. Ég hef ekki farið út þetta hér í Gerðubergi. Ekki enn alla vega. Það eru haldnir svona karlarabbfundir síðasta föstudag hvers mánaðar í Fella- og Hólakirkju og ég hef ekki viljað fara af stað með sömu starfsemi nánast í næsta húsi hvað sem á eftir að verða en þetta er alveg bráðnaðsynleg hlið á félagsstarfinu.”

Búið að endurvekja vorsýninguna

Nú er afstaðin sýning á munum sem unnir hafa verið af þáttakendum í félagsstarfinu á liðnum vetri. Helga segir að þessi sýning hafi verið fastur liður í félagsstarfinu til marga ára en fallið niður í tvö skipti. “Nú erum við búin að endurvekja hana. Við höfum undirbúning þegar í janúar og lokatakmarkið var að finna réttu dagsetninguna. Ég fann strax að mikill áhugi var fyrir því að endurvekja sýningarhaldið og þá var ekki um annað að ræða en að fara af stað. Þar sem þetta er vorsýning þá reyndum við að hafa náttúrulegan blæ yfir henni og



Gerðubergskórinn syngur við opnum vorsýningarinnar í Gerðubergi.



Snjall þátttakandi í félagsstarfinu og einnig glerlistamaður og áhugamaður um bíla hefur gert nokkrar bímyndir. Hér er ein þeirra.

vorum með trjádrumba og einnig blóm í bakgrunni sýningarmunanna. Held að tekist hafi að vekja glæsilega sýningu til lífsins.”

Nýtum hugmyndir þáttakenda í sjálfbært félagsstarf

Helga kveðst halda í þær hugmyndir og framkvæmdinnar félagsstarfsemi að hafa það með sjálfbæru formi og nota sem flestar sjálfsprottnar hugmyndir. “Við erum með ákveðið samráð og notendaráð þangað sem allir geta mætt og lagt sitt til málanna. Ég á ekki að vera eins og kennarinn í bekknum heldur að veita bekkjarfélögunum þjónustu við að gera hugmyndir sínar að veruleika. Það er ákaflega skemmtilegt að fá hugmyndir frá þáttakendum og vinna með þær. Umhverfið og andrúmsloftið verður mikið skemmtilegra. Fólk kynnist, hristist saman og oft tekur væntumþykja að þróast. Þetta



Helga Ben leiðbeinandi í félagsstarfinu í Gerðubergi.

verður allt mikið heimilislegra. Oft myndast vinkvennahópar sem halda síðan áfram að hittast á kaffihúsum eða heima hjá þeim sjálfum á víxl. Þeim finnst mikilvægt að geta haldið hópinn.” Helga segir að hóparnir séu misjafnir og mótist nokkuð af því sem þeir eru að fást við.”



Málverk af Húsavíkurkirkju. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði kirkjuna sem er krosskirkja, byggð úr norskum við. Rögnvaldur var fyrsti Íslendingurinn sem nam byggingarlist og raunar fyrsti nútíma húsameistarinn sem Íslendingar eignuðust. Margir telja að Húsavíkurkirkja sé hans fegursta verk og lofi meistara sinn.

Nú er opið allt sumarið

Sú breyting hefur orðið að nú er félagsstarfið opið allt árið jafnt sumar sem vetur en áður fyrr var tekið allt að sex vikna hlé á sumrin. “Félagsstarfið er sumu fólki mikilvæg og því hentar ekki að taka svo langt hlé. Sumir

upplifa það eins og einskonar atvinnuleysi. Félagsstarfið kemur oft í stað vinnu hjá fólki sem komið er á eftirlaunaaldur og þá er þetta langur tími þegar fólk hefur ef til vill ekki að öðru að hverfa. Nú þarf fólk ekki að hafa áhyggjur af þessu. Hér verður allt galopið í allt sumar alla daga eins og venjulega.”

Eldra fólk komið á facebook og snapchat

Tækniöldin hefur haldið innreið sína í félagsstarfið. Líka samskiptatæknin og nú er eldra fólk farið að nota facebook og snapchat. Helga sem sjálf segist vera hálfgerð tölvufrík hefur verið að kenna fólki á tölvur og hvernig það eigi að nýta þessa miðla. “Sumir eru líka að setja upp sínar eigin heimasíður og ég hef verið að aðstoða fólk við það. Sumt eldra fólk var hrætt við þessa tækni áður en það kynntist henni en hræðslan er yfirleitt fljót að fara”

Fólk kemur víða að

En hvað kemur fólk í félagsstarfið. “Það kemur víða að. Þetta er öllum opið og ekkert bundið sérstaklega við Breiðholtið þótt margir komi þaðan. Nokkuð er um að fólk komi úr Hafnarfirði og sumar kvennanna sem koma í einn vinsælasta hópinn hjá okkur sem er þrjónakaffið koma alla leið úr Hveragerði.”

Starfsfólk Lyfjavals tekur hlýlega á móti þér



RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Listahátíð í Reykjavík í fyrsta skipti Breiðholti

- í samvinnu við Breiðholt festival

Listahátíð í Reykjavík verður með atriði í Breiðholti í fyrsta sinn í sögu sinni en það er nú stefna forsvarsmanna hátíðarinnar og færa hluta henna út fyrir miðborgarsvæðið. Listahátíðin mun efna til viðburða í samvinnu við Breiðholt festival hátíð sem þau Sigríður Sunna og Valgeir Sigurðsson sem starfrækja tónlistarmiðstöð í Vogaselinu í Breiðholti hafa haldið nokkur undanfarin sumur. Viðburðirnir í Breiðholti verða 9. laugardaginn júní.

Þessir viðburðir eru ljósmyndasýning Spessa, danspartý í Asparfelli og tónleikar í Ölduselslaug. Breiðholt Festival býður gestum Listahátíðar að fljóta um í Ölduselslaug og hlusta á tónlist sem streymir úr hátölurum undir vatnsyfirborðinu. Tónverkin eiga það sameiginlegt að hafa verið samin fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti af íslenskum tónskáldum sem tengjast Breiðholti með ýmsum hætti. Eftir sundsprettinn er tilvalið að gæða sér á veitingum á alþjóðlega matarmarkaðnum sem verður á sundlaugarbakkanum. Þá verður boðið í alvöru blokkarpartý því íbúar blokkarinnar í Asparfelli 2 til 12 ætla að bjóða gestum Listahátíðar í danspartý á heimilum sínum. Húsráðendur ætla að opna



Asparfelli 2 til 12 þar sem íbúar ætla að opna heimili sín fyrir gestum Listahátíðar.

íbúðir sínar og gestum er boðið að rápa á milli íbúða og taka þátt í alls konar partíum með fjölbreyttum gestgjöfum. Í sumum íbúðum verða partýin stór og með hárra tónlist, full af dansandi fólki á meðan önnur verða rólegri, fámenn og lágvær - og svo allt þar á milli. Húsráðendur hanna sinn heimavöll og stjórna sínu partýi. Nágrannar ætla að sameina krafta sína og fólk sem kannski hittist ekki oft í daglegu lífi ætla að fagna samfélaginu sínu og hverju öðru - þó það sé bara rétt á meðan á blokkarpartýinu stendur.

Fellabúar í gegnum linsu Spessa

Breiðholtið og stoltir íbúar þess birtast í öllum sínum fjölbreytileika í nýrri röð ljósmynda Spessa sem sýndar verða í galleríinu Rýmd í Völvufelli. Portrett myndir Spessa úr póstnúmerinu 111 bera það með sér að hann hefur komist í nálægð við alls konar fólk sem byggir þennan borgarhluta. Hann gætir þess að halda hæfilegri fjarlægð af virðingu við viðfangsefnið. Hér er á ferðinni órsaga kynslóða í hverfi sem á margan hátt er óvenjulegt í borginni.

HÓLAGARÐUR LEITAR AÐ ÞÉR!

STARFSFÓLK Á BESTA ALDRI ÓSKAST.

Verslunarmiðstöðin Hólagarður, Lóuhólum 2-4, leitar að einstaklingum til húsumsjónar og eftirlits.

Starfið felst í því að koma 1-2x á dag, fylgjast með húseigninni og tryggja góða ásýnd hennar, ditta að smærri hlutum, mála yfir veggjakrot og annað tilfallandi.

Æskilegt væri að nokkrir áhugasamir einstaklingar skiptu starfinu með sér, þar sem miðstöðin er opin 7 daga vikunnar.

Áhugasamir hafi samband við Maríu í síma 661-5896 eða sendi tölvupóst á maria@reginn.is.

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg



BLOMASMÍÐJAN
Grímsbæ · Sími: 588 1230
www.blomasmidjan.is

KOMDU Í PIZZU EDA TAKT'ANA MED HEIM

Eldofninn

PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313

italcaffè

Eldofninn

ARSÓL

Snyrtivörverslun - Snyrtistofa
Sími: 553 1262

Tímadjásn
Gallery Gull

HANNYRÐAVERSLUNIN

Sporið

Garn og útsaumur
Mikið úrval
Sími: 581 2360

TÍSKUVERSLUNIN

SMART

1011

Fjölmennasta hverfi landsins þarf borgarfulltrúa

Egill Þór Jónsson, 27 ára, og Jórunn Pála Jónasdóttir, 29 ára, eru bæði Breiðhyltingar sem skipa sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Egill fjórða sætið en Jórunn hið níunda sem er baráttusæti listans. Þau ólust bæði upp í Breiðholti og eru búsett þar.

Nýtt fólk á vettvangi borgarmála

Egill Þór er félagsfræðingur að mennt en hann útskrifaðist árið 2015 frá Háskóla Íslands. Áður hafði hann lokið stúdentsprófi frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti. Frá útskrift hefur Egill Þór starfað á búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Egill Þór býr með móður sinni í Hólahverfinu. Hann er nýr á vettvangi borgarmála en hefur starfað sem formaður hverfafélags Sjálfstæðisflokksins í Hóla- og Fellahverfi í rúmt ár.

Jórunn starfar sem lögfræðingur á lögmannsstofunni Rétti. Hún nam lögfræði við Háskóla Íslands og lauk stúdentsprófi frá MR. Á námsárunum bjó hún um tíma í Kaup-mannahöfn, Vínarborg og ferðaðist með bakboka um Asíu. Undanfarið hefur hún unnið að öflun réttinda til þess að flytja mál fyrir héraðsdómi.



Jórunn Pála Jónasdóttir og Egill Þór Jónsson.

Æskuárin í Breiðholti

Aðspurð um hvernig það hafi verið að alast upp í Breiðholti segist Egill Þór eiga góðar minningar úr hverfinu. Árin tíu í Hólabrekkuskóla hafi verið lærdómsrík og hefur hann sömu sögu að sega um tímann í fótboltanum hjá Leikni, þótt hann hafi að eigin sögn reyndar aldrei verið líklegur til stórafreka. Jórunn tekur í sama streng og segist hafa verið afar heppin með kennara í Ólduselsskóla, þeim eigi hún mikið að þakka. Jórunn æfði frjálssar íþróttir með ÍR um tíma en hætti í kjölfar þess að hún uppskar prúðmennskuverðlaunin. Hún sneri sér að öðrum íþróttum en í dag stundar hún aðallega hlaup og hjólríðar.

Stóru kosningamálin í vor

“Í kosningunum 26. maí verður lagður dómur á störf núverandi meirihluta. Sjaldan hefur verið meira ákall eftir breytingum, þetta sýni hin mörgu framboð sem komið hafa fram á sjónarsviðið”, segir Jórunn. Egill tekur undir orð Jónssonar um að mikil þörf sé á breytingum og segir að stefna og

stjórnarhættir núverandi meirihluta hafi einungis skilað lengri biðlistum, mesta húsnæðisvanda síðari ára og heimatilbúnum umferðarvanda. “Síðan eru fjölmörg dæmi um brostin loforð um betrubætur í hverfum. Í Breiðholti hefur í fjölmörg ár og kjörtímabil verið rætt um að byggja göngubrú yfir Breiðholtsbrautina og tengja íbúasvæðin sitt hvorum megin við brautina betur. Þá hefur ÍR-ingum verið lofuð bætt aðstaða en hvorugt hefur gerst. Svona mætti lengi telja. Maður heyrir Reykvíkinga furða sig á skyndilega auknum umsvifum á síðustu vikum, svona rétt fyrir kosningar” segir Egill og brosir út í annað. Það sjá þetta allir, segir Jórunn. Egill bætir við að þessir stjórnarhættir séu ekki til sóma og vinna þurfi að uppbyggingu í hverfum og hagsmunum borgarbúa jafnt og þétt yfir kjörtímabilið en ekki bara fyrir kosningar.

Mörg sóknarfæri í Breiðholtinu

Jórunn segir að mikil tækifæri séu í því

að ráðast í frekari uppbyggingu í Mjóddinni, á hana eigi að líta sem einn af þremur verslunarkjörnum Reykjavíkurborgar, til viðbótar við Gamla Miðbæinn í 101 og Kringluna. Egill nefnir einnig að á gífurlega mörgum stöðum í Breiðholti þurfi að ráðast í uppbyggingu, til að mynda á stöðum sem eru í slæmu ásigkomulagi og jafnvel í niðurníðslu og setji óþarfan og leiðinlegan blett á umliggjandi svæði. “Ennfremur þarf að auka sjálfstæði allra grunnskóla í Breiðholti svo að þeir geti sinnt sem best sínum nemendum en í Breiðholti er fjölmenningsamfélag og borgaryfirvöld þurfa að horfast í augu við að því fylgja annars konar áskoranir heldur en í einsleitari hverfum”, segir Egill og bætir við: “Í kerfi sem er miðstýrt geta hendur þeirra verið of bundnar. Það er mikilvægt að hlúa vel að fólki sem kemur frá öðrum menningarheimum strax frá byrjun og hjálpa því að aðlagast samfélaginu sem best, annars er hætta á að það verði útundan í

samfélaginu. Í þeim efnum er tungumálið auðvitað lykilþáttur”.

Jórunn segir að tölur um íþróttaiðkun barna í Breiðholti sýni að þátttaka barna í hverfinu sé töluvert minni en í öðrum hverfum, þrátt fyrir kraftmikið starf félaganna og margar tilraunir þeirra til þess að bjóða fólk velkomið í starfið.

Undarlegt staðarval fyrir bílaumboð

Í tünfæti Breiðhyltinga við ÍR heimilið hefur stóru bílaumboði verið úthlutað lóð fyrir starfsemi sína. Jórunn er hugsi yfir staðarvalinu. “Þessi lóð, sem er mjög miðsvæðis, væri betur nýtt fyrir starfsemi ÍR, íbúðir fyrir eldri borgara og aðra sem hefðu viljað búa á þessum fallega stað”, segir Jórunn. Egill bætir við að nú hafi umfangsmiklum rekstri einnig verið fundinn staður í Ellliðaárdal sem er viðkvæm náttúruperla og að allir ættu að geta verið sammála um að beri að vernda þannig að komandi kynslóðum verði tryggður aðgangur að grænu svæði. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt til að þessi náttúruperla verði friðlýst.

Fjölmennasta hverfi Reykjavíkur þarf fulltrúa við borðið

Egill og Jórunn eru sammála um að þessi dæmi sýni að það sé löngu tímabært að Breiðhyltingar fái öflugra málsvara í borgarstjórn, en síðastliðin tvö kjörtímabil hefur verið mikil vöntun á því. Við uppstillingu á lista Sjálfstæðisflokksins hafi verið lagt upp með að ráða bót á þessu. Við erum búsett í sitthvorum hlutum hverfisins, í póstnúmerum 109 og 111, sem er auðvitað gríðarstórt, hið fjölmennasta á landinu, og stærra en flest sveitarfélög. “Hugmyndin er í átt til aukins íbúalýðræðis þannig að íbúar eigi sína fulltrúa í hverfinu sem það þekki og geti leitað til”, segir Egill. Að sjálfsögðu eigi allir borgarfulltrúar að vinna jafnt að hagsmunum allra Reykvíkinga en það er kostur að hafa borgarfulltrúa með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Jórunn tekur undir þetta: “Það er kominn tími á breytingar, það er kominn tími á Breiðholtið.”

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

MJÓDDIN

LANDMARK SMÁRINN



„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s 690 3111



LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



OPIÐ TIL 21 ÖLL KVÖLD



FUN · FAST · FUSION

SMÁRALIND & JL HÚSINU

WWW.XOISLAND.IS

571-3888



Veitingastaðurinn XO þriggja ára í júní

- erum uppaldir í Breiðholti og vildum gjarnar sjá gamla og nýja Breiðhyltinga í afmælisvikunni

Veitingastaðurinn XO verður þriggja ára þann 19. júní n.k. Hann var fyrst opnaður í JL húsinu við Hringbraut og hlaut strax frábærar viðtökur allt frá opnun staðarins enda byggist hann fyrst og fremst upp á að bjóða hollustufæði. “Þetta byrjaði rólega hjá okkur en veltan jókst jafnt og þétt í hverjum mánuði út fyrsta árið enda hefur verið mikil vitundarvakning um hollustu og heilsusamlegt lífni á síðustu árum. Við fórum allt of rólega af stað í að auglýsa XO áður en við opnuðum en svo spurðist XO einfaldlega út sem eru langbestu meðmælin. Galdurinn er að sjálfsögðu að bjóða upp á góðan, ferskan og næringarríkan mat. Það er ekki nóg að hann sé hollur, hann verður líka að bragðast vel,” segir Gunnar Örn Jónsson framkvæmdastjóri og einn eigenda XO veitingastaðar.

XO stækkaði verulega árið 2016 og í maí á síðasta ári opnaði nýr XO veitingastaður í Smáralind. “Viðtökurnar í Smáralind voru frábærar frá fyrsta degi og framar okkar vonum. Take Away byrjaði þó rólegar en við reiknuðum með en núna eru einstaklingar og fyrirtæki allt í kringum Smáralindina vel upplýstir um að hægt sé að taka með sér mat heim af XO eða fá sent á vinnustaðinn. XO er opið til kl. 21 alla daga vikunnar, þó verslanirnar í Smáralind loki oftast fyrr en aðgengið að XO í Smáralind er mjög gott fyrir Take Away. Take Away er orðið rótgróið á XO í vesturbænum og vonandi verður það sama uppi á teningnum í Smáralind á næstu misserum,” segir Gunnar.

Skammtarnir eru ríflegir

Hvað er það sem gerir XO að svona vinsælum stað? “Þetta er góð spurning en líklega er það áður nefnd vitundarvakning um heilsu og hollt mataræði ásamt því að fólk gengur að gæðunum vísu á XO. Skammtarnir eru ríflegir og fólk fær “value for money” ef svo má að orði komast. Gæði, þjónusta og hollur og góður matur hafa ávallt verið aðal markmið XO.”

Spennandi tilboð og afslættir í afmælisvikunni

Hvað ætlið þið að gera í tilefni af þriggja ára afmæli XO? “Við ætlum að bjóða upp á spennandi tilboð í afmælisvikunni, t.d. verða allar okkar vinsælu flatbökur á 20% afslætti en sérþróaður heilkorna súrdeigsbotn er á öllum flatbökunum á XO. Einnig verða djúsar og shake-ar á 20% afslætti. Afslættirnir okkar í afmælisvikunni verða auglýstir vel á samfélagsmiðlum og í útvarpi. Svo má ekki gleyma nýja barnamatseðlinum á XO en öll börn fá að velja sér dót þegar verslaður er réttur af barnamatseðli. “Það er nýjung hjá okkur að gefa dót með öllum barnaréttum og hefur reynst vægast sagt mjög mikil ánægja með það hjá yngstu kynslóðinni. Við erum ekki í vafa um mikilvægi þess að kynna hollt mataræði fyrir börnum í hvaða formi sem sú kynning er. Því fyrr, því betra. Skyndibiti þarf alls ekki að vera óhollur. Svo má geta þess að lokum að Smáralindin er skammt frá Breiðholti. Við félagarnir erum uppaldir þar og því væri gaman að sjá gamla og nýja Breiðhyltinga í afmælisvikunni,” segir Gunnar að lokum.



Öll börn fá að velja sér dót þegar verslaður er réttur af barnamatseðli á XO.

Spennandi sumarstörf í Breiðholti

Starfsfólk óskast í sumarafleysingar á heimili fyrir fatlað fólk í Breiðholti. Um sumarstarf er að ræða með möguleika á áframhaldandi ráðningu í haust. Unnið er á vöktum og er starfshlutfall eftir samkomulagi. Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Einstaklingsmiðuð persónuleg þjónusta við íbúa.
- Hvatning og stuðningur til sjálfhjálp.
- Þátttaka í sköpun og þróun nýrra tækifæra fyrir íbúa.
- Vinna samkvæmt hugmyndafræði um sjálfstætt líf.

Helstu hæfniskröfur

- Góð almenn menntun.
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki æskileg.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni í starfi.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Gerð er krafa um hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Þóroddur Þórarinsson í síma **898 9675** og í tölvupósti thoroddur.thorarinsson@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfín á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Umsóknarfrestur er til 7. júní 2018

VELFERÐARSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR



Sumarið 2018

Frístundamiðstöðin Miðberg

Sumarstarf félagsmiðstöðva og frístundaheimila

Allar upplýsingar má finna á www.midberg.is og www.fristund.is

Frístundamiðstöðin Miðberg býður upp á sumarfrístund í frístundaheimilunum Álfheimum, Bakkaseli, Hraunheimum, Regnboganum, Vínahöllum og Vínaseli. Fjölbreytt og þematengt starf í boði fyrir börn fædd 2008-2011

Summer activities for children born 2011-2008.

Félagsmiðstöðvarnar Hundradóttir, Bakkinn og Hólmasel bjóða upp á lifandi sumarsmiðjur fyrir börn 10-12 ára (fædd 2005-2007). Skráning fer fram á Rafrænni Reykjavík. Einnig verða kvöldopnanir fyrir unglunga mánudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Summer activities for children born 2005-2007, enrolment is necessary on the website www.rafraen.reykjavik.is. Youth clubs are open Mondays, Wednesdays and Fridays.

Félagsmiðstöðin Hellirinn verður með vikunámskeið fyrir börn og unglunga fædd 2002-2005

Hellirinn Youth center for children born 2005-2002



Allar nánari upplýsingar má finna á www.fristund.is en þar er einnig gjaldskrá ásamt tengli á skráningar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar í Miðbergi og öllum ofangreindum starfsstöðum.

All further information can be found at www.fristund.is and www.midberg.is

Við hlökkum til að sjá þig í sumar :)

We look forward to see you this summer :)



Loftmengun fari ekki yfir heilsuverndarmörk

Svifryksmengun í Reykjavík er orðin að heilsuspillandi vandamáli og mælist allt of oft yfir viðmiðunarmörkum. Oftar en ekki sér heilbrigðiseftirlitið sig knúð til að vara borgarbúa við of mikilli loftmengun og þeir sem eru viðkvæmir í lungum eða með undirliggjandi öndunarferasjúkdóma er ráðlagt að halda sig innan dyra. Þá verða leikskólar sem staðsettir eru í nágrenni við stofnbrautir að halda börnum æ oftari inni vegna svifryksmengunarinnar.

Á síðasta ári kom hingað til lands bandarískur sérfræðingur að nafni Larry G. Anderson, til að meta aðstæður. Hann bar saman gögn um loftgæði í Reykjavík sem Orkuveitan og Orkustofnun hafa verið að mæla við samsvarandi gögn frá Bandaríkjunum.

Skemmst er frá því að segja að niðurstöðurnar voru sláandi því svifryksmengunin í Reykjavík er mun meiri en í stórri iðnaðarborg í Bandaríkjunum. Þá kemur einnig fram í fyrstu vísbendingum í meistararitgerð Bergljótar Hjartardóttur í umhverfisverkfærði við HÍ að sötmengun í og við stofnbrautir í Reykjavík mælist jafn mikil og í Rotterdam og Helsinki.

Það er ótrúlegt og óábyrgt hversu lengi borgaryfirvöld hafa skellt skollaeyrum við ábendingum fræðimanna og látið reka á reiðanum að fara í aðgerðir í þeirri viðleitni að bæta loftgæði.

Við sjálfstæðismenn höfum margtíðlega lagt fram tillögur þess efnis að brugðist verði hratt og örugglega við til að bæta loftgæðin í borginni. Nú síðast var slík tillaga felld á borgarstjórnarfundum í byrjun desember á síðasta ári.

Ástandið er orðið grafalvarlegt og farið að bitna á lífsgæðum borgarbúa, auk þess sem talið er að rekja megi allt að 80 dauðsföll á ári til svifryksmengunar. Við þessu verður að bregðast hratt og örugglega. Við verðum jafnframt að taka ábendingum fræðimanna alvarlega og tryggja að svifryksmengun fari ekki yfir heilsuverndarmörk.

Við sjálfstæðismenn ætlum að fara í aðgerðir strax til að ráðast á vandann með því að þrifa borgina oftari, þvo göturnar reglulega og auka umferðarflæði til að draga úr loftmengun bíla sem standa í lausgangi í umferðarteppum. Mengunarvaldur ökutækja felst fyrst og fremst í hröðun þeirra þ.e. breytingu á hraða, Staðreyndin er sú að ökutæki menga miklu meira ef þau eru stöðugt að hægja á sér, bremsa og stoppa og taka síðan aftur af stað og auka hraðann, heldur en ökutæki sem aka á jöfnum hraða. Umferðarflæði er því einn meginþáttur í því að draga umtalsvert úr svifryksmengun.

Borgaryfirvöldum ber að setja heilsu og lífsgæði borgarbúa í öndvegji.

Marta Guðjónsdóttir.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



Marta Guðjónsdóttir.

Miklabraut í stokk getur beðið Leikskólarnir geta það ekki

Stórar og dýrar vegaframkvæmdir virðast vera eitt helsta áhugamál margra frambjóðenda sem keppast við að lofa stórkaralegum framkvæmdum, lagningu Sundabrautar á landfyllingum eða hábrúm yfir Sundin eða lagningu Miklubrautar í stokk. Ástæðan er ekki síst sú að gríðarlegur jákvæður viðsnúningur hefur orðið í rekstri borgarinnar. Skuldir hafa lækkað og 28 milljarða króna afgangur varð af rekstri borgarinnar á síðasta ári.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé röng forgangsriðun. Veitum viðsnúningnum í leikskólanna. Ég hef lagt áherslu á að skólakerfið, sérstaklega í leikskólarnir njóti þess viðsnúnings sem náðst hefur á síðustu árum. Leikskólarnir þurftu að axla miklar byrðar vegna niðurskurðar og aðhaldsaðgerða árána eftir hrun, fyrst í tíð meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og síðan meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins. Þessi niðurskurður kom niður á skólunum og juku gríðarlega álag á starfsfólki.

Það er að mínu mati sérstaklega mikilvægt að við bætum kjör og starfsaðstæður starfsfólksins, leikskólakennara, stuðningsfulltrúa, leikskólalíða og annars starfsfólks, fjölmennra kvennastétta sem héldu starfi skólanna gangandi af ótrúlegri eljusemi. Bætt kjör og minna álag á starfsmenn er forsenda þess að við getum opnað ungbarnaeildir

á leikskólum í öllum hverfum.

Það er ekki bara réttlætismál að við styrkjum leikskólana. Það er beinlínis forsenda þess að hægt sé að opna ungbarnaeildir á leikskólum borgarinnar að við styrkjum starf þeirra.

Fjögur ár eru langur tími í lífi barns

Við í Vinstri grænum eru fylgjandi því að Miklabraut verði lögð í stokk, enda styður það við þéttingu byggðar og ásamt lagningu borgarlínu bætir það umferðarflæði um Miklubrautina. Sundabraut er sömu leiðis mikilvæg til að tengja Kjalarnesi við miðbæinn.

Það breytir hins vegar ekki öllu hvort við hefjum lagningu Sundabrautar eða leggjum Miklubraut í stokk strax á næsta ári. Slíkar framkvæmdir geta beðið. Börn eiga hins vegar ekki að bíða. Eitt ár í lífi barns er langur tími og fjögur enn lengri.

Líf Magneudóttir er borgarfulltrúi og oddviti Vinstri græna í borgarstjórnarkosningunum.




Líf Magneudóttir.



Nýjung í fjölskyldumidstöð í maí

Bodid er upp á fjölskyldu vidtöl við fjölskylduráðgjafa í gerðubergi alla þriðjudaga í maí frá 10-12



Nánari upplýsingar í síma 664-4011

www.leiknir.com

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Áfram Reykjavík!

Breiðholtið er í mikilli sókn. Það er áberandi á flestum sviðum. Í skólunum, hjá ÍR og Leikni, í viðhaldi húsa og fasteignaverði. Íbúarnir eru lang flestir stoltir af hverfinu sínu. Fjölbreytileiki er styrkur.

Þau eru ófá verkefni sem verið hafa á borði borgarstjóra og tengjast Breiðholtinu. Segja má að Breiðholtið hafi verið í ákveðnum forgangi hjá Reykjavíkurborg undanfarin ár. Skólaalóðir hverfisins voru fyrstar í röðinni þegar kom að endurgerð þeirra. Unnið hefur verið heildstætt hverfaskipulag fyrir hverfið. Þjónustumiðstöð Breiðholts er í fremstu röð. Gerðuberg hefur fengið andlitslyftingu og unnið er eftir tímamótasamningi um stórfellda uppbyggingu íþróttamannvirkja ÍR sem gerður var á kjörtímabilinu.



Dagur B. Eggertsson.

Ný íþróttamannvirki og gervigras

Líkamsræktarstöð World Class við Breiðholtslaug hefur margfaldað aðsókn í laugina sem hefur einnig notið þess að við lengdum opnunartíma laugarinnar. Eitt stærsta lýðheilsamálið er svo samningurinn við ÍR um umfangsmikla uppbyggingu í Mjóddinni undir knathús, frjálsíþróttavöll og fjölnota íþróttahús. Lokið verður við þessar framkvæmdir á komandi kjörtímabili. Jafnframt verður undirbúið fimleikahús í Efra-Breiðholti.

Við höfum þegar farið í miklar endurbætur á skóla- og leikskólaalóðum í Breiðholti, svo miklar raunar að aðrir skólar í borginni hafa beðið í ofvæni eftir sambærilegri endurnýjun. Við höfum fjölgað börnum í hinni vinsælu skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts til að gera fleiri krökkum kleift að stunda tónlistarnám. Við létum gera gervigrasvöll við Blöndubakka og lögðum nýtt gervigras hjá Leikni og ÍR og fórum í stórfelldar endurbætur í Gerðubergi. Uppbygging íbúða á sér nú stað í Mjóddinni þar sem rísa íbúðir fyrir aldraða og uppbygging er einnig að hefjast fyrir félagsmenn í Búseta.

Samstarfsverkefni um sterkara Breiðholt

Við erum að hefja samstarfsverkefni með Rauða krossinum þar sem samtökin ætla að starfa náið með þjónustumiðstöð Breiðholts. Tuff-verkefnið er annað stórt verkefni sem við fórum í, að breskri fyrirmynd. Þar er sérstök áhersla lögð á frístundastarf krakka af erlendum uppruna þannig að þau geti notið sín sem best. Tinna er annað verkefni sem er ætlað að rjúfa vítahring fátækta, með áherslu á einstæða foreldra, en það hefur gengið vel á undanförunum misserum. Breiðholtið var líka frumkvöðull í að vera heilsueflandi hverfi.

Stærsta listasafn landsins

Í menningunni þá er Breiðholt Festival ein skemmtilegasta hverfishátíð borgarinnar enda eiga Breiðhylltingar örugglega marga af stærstu listamönnum þjóðarinnar. FabLab hefur fest sig í sessi inni í Fjölbrautaskólanum sem ýtir enn frekar undir listsköpun og frumkvöðlahugsun í hverfinu. Komin eru verk eftir Ásmund Sveinsson í Seljahverfið og þá hafa listaverkin á göllum fjölbýlishúsa í Efra-Breiðholti og loftræstistoknum við Austurberg vakið athygli út fyrir landsteinana en Breiðholtið er nú kallað stærsta listasafn landsins.

Fjölbreyttari borg

Öll þessi verkefni segja manni hið augljósa: Það er kraftur í Breiðholtinu og bjart framundan. Verkefni sem hér eru nefnd eru nokkur af þeim fjölmörgu sem borgin hefur unnið í frábæru samstarfi við fólkið í hverfinu. Gott samstarf í hverfunum er lykill að því að Reykjavík sé eins fjölbreytt og skemmtileg og kostur er. Aldrei hefur verið eins mikill kraftur í þróun borgarinnar og akkúrat núna.

Í kosningunum í næstu viku verður kosið um hvert Reykjavík stefnir. Samfylkingin býður fram öflugan lista fólks með reynslu, skýra framtíðarsýn og óbilandi metnað til til að þróa góða borg fyrir alla. Ég hvet þig til að kjósa Samfylkinguna í vor. Áfram Reykjavík!

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, skipar 1. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar

Sumardagurinn fyrsti í Hólmaseili

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur í Hólmaseili 19. apríl. Leikhópurinn Lotta, dans Brynju Péturs og sigurvegarar Breiðholt got talent komu fram.

Skátafélagið Segull var á staðnum með candyfloss og þrautabraut. Hoppukastali, andlitsmálning og grillaðar pylsur voru líka á sínum stað.

Frístundamiðstöðin Miðberg óskar Breiðhylltingum gleðilegs sumars.



Fjöldi krakka mætti á sumardagsskemmtunina í Hólmaseili.

FRÁBÆR SUMARNÁMSKEIÐ



Sumarnámskeið ÍR "SUMARGAMAN" eru fyrir alla krakka 6-9 ára. Námskeiðin eru deildaskipt í íþróttabraut og lista- og sköpunarbraut. Íþróttafraeðineminn Ísak Óli Traustason er yfirstjórnandi námskeiðanna.

Verðskrá og tímabil

Heill dagur: Frá 9-16

Hálfur dagur: Frá 9-12 eða 13-16

Námskeiðin eru fyrir börn fædd 2009-2012 og fara fram á ÍR svæðinu við Skógarsel 12, 109 Reykjavík.

Námskeiðsvikur sumarid 2018

- | | |
|-------------------|------------------------|
| 1. 11.- 15. júní | 6. 16. – 20. júlí |
| 2. 18. – 22. júní | 7. 23. – 27. júlí |
| 3. 25. – 29. júní | 8. 30. júlí – 3. ágúst |
| 4. 2. – 6. júlí | 9. 7. – 10. ágúst* |
| 5. 9. – 13. júlí | |

Verð

Heill dagur: 12.500 kr.

Hálfur dagur: 7.500 kr.

Matargjald: 5.000 kr. (Valkvætt)

Systkinaafsláttur 10%

*Athugið að stjórnumerkt námskeið er fjórir dagar, 10.000 kr. fyrir heilan dag, 6.000 kr. fyrir hálfan dag og matur 4.000 kr.

Gæsla er í boði án endurgjalds fyrir og eftir námskeið frá 8-9, 16-17- og 12 -13 fyrir hálf dags námskeiðin.



Á námskeiðunum geta börnin valið um tvær brautir:

Íþróttabraut idkendur munu meðal annars stunda handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleika og frjálsíþróttir. Báðar brautir fara saman í allar ferðir, svo sem ævintýraferðir, hjólaferðir, sundferðir og bæjarferðir.

Lista- og sköpunarbraut samanstendur af hreyfingu og útiveru, leikjum, göngutúrum, hjólaferðum, ævintýradögum, söng-og leiklist, fönndurdögum, sundferðum, vettvangsferðum og dansi. Báðar brautir fara saman í allar ferðir, svo sem ævintýraferðir, hjólaferðir, sundferðir og bæjarferðir.



Íþróttafélag Reykjavíkur, Skógarseli 12, 109 Reykjavík
Skráning og greiðsla á www.ir.is og í síma 587-7080

Nýtt Breiðholt - Nýtt samfélag

Kynni mín af Breiðholtinu hófust árið 1986 þegar ég fór að æfa sund með Sundfélaginu Ægi, í Breiðholtslaug, tæplega níu ára gömul. Sem barn hjólaði ég úr Kópavogi, um undirgöngin í Mjóddina, eftir göngustígum hverfisins upp í sundlaug. Ræturnar gagnvart hverfinu voru lagðar, og liggja enn, víða um hverfið. Ég vissi ekki þá, að ég myndi sjálf enda sem íbúi í hverfinu, að ungarnir mínir myndu hjóla um sömu göngustíga og ég gerði forðum og að maðurinn minn yrði uppallinn Breiðhytlingur.

Oft þróast hverfi hraðar en kerfin sem þjónusta þau og það má segja um Breiðholtið. Mér finnst ásýnd hverfisins hafa breyst meira síðustu árin en öll árin þar á undan. Breiðholtið, sem ég þekkti og upplifði sem barn, hefur elst og þroskast. Þegar ég flutti í hverfið var viðhaldi víða ábótavant, eins og við skóla og leikskóla, og víða í samtölum upplifði ég vissa vanþekkingu og fordóma gagnvart hverfinu. Á þessum árum sem líðið hafa, eru fleiri en ég sem hafa séð tækifærin sem hverfið býður upp á, enda mikil og jákvæð uppbygging átt sér stað síðustu árin.

Mér finnst grettistaki hafa verið við lyft uppbyggingu innviða og í ásýnd hverfisins síðustu árin. Aðbúnaður sem ég og börnin mín höfum notið góðs af, eins og endurbætur við leikskóla og skólalóðir. Nýjum leiktækjum hefur verið komið fyrir á skólalóðum og grænum svæðum innan hverfisins. Gervigrasvellir hafa risið og eru vinsælir viðkomustaðir krakka í hverfinu. Græn svæði hafa verið fegruð eftir ábendingum íbúa í gegnum Betri Reykjavík að ógleymdum tveimur frísbílgöfvolllum sem eru vinsælir yfir sumarmánuðina.



Sara Björg
Sigurðardóttir.

Reykjavíkurborg hefur sparað sér til tjóns

Við undirrituð sátum fund foreldrasamtaka grunnskólanna í Breiðholti fyrir nokkrum dögum. Þar voru til svara fulltrúar flestra framboða en mikil óánægja kom fram á fundinum með aðbúnað skólanna og tóku foreldrar jafnt sem kennarar til máls á fundinum, báru upp spurningar og viðruðu skoðanir sínar. Mikil þreyta er í báðum hópum vegna ástandsins. Það hefur oft komið fram að álag á kennurum er mjög mikið og má rekja það til breytinga á skólakerfinu vegna skóla án aðgreiningar. Þegar það kerfi var tekið upp fylgdi lítið sem ekkert fjármagn með sem þó var grunnur þess að hægt væri að fara í svo viðamikla breytingu á grunnskólunum í heild.

Viðhald á skólahúsnæði í Breiðholti er lítið sem ekkert. Borgin hefur algjörlega trassað að gera ráð fyrir slíkum hlutum þrátt fyrir stórauknar tekjur borgarinnar. Það voru sláandi frásagnir af ástandi sumra skólanna. Ef ekki verður gripið strax í taumana má allt eins vera að það verði um seinan. Sem dæmi um viðhaldsleysi í öðru sveitarfélagi var gripið til þess ráðs að lýsa skólahúsnæðið óháft til kennslu og stendur til að rífa húsnæðið. Húsnæði sem börnin okkar dvelja í langa tíð úr deginum og er vinnustaður þeirra verður að vera í lagi og a.m.k ekki heilsuspillandi. Sama á auðvitað við um vinnustað kennara og skólastjórnenda.

Það þarf að gera úttekt á öllu skólahúsnæði borgarinnar, ekki bara í Breiðholti, og leggja mat á hvað uppsafnað viðhaldsleysi hefur kostað borgina. Forgangsráða verður fjármagni í þessar úrbætur ef ekki á að fara illa.

Við teljum að Breiðholtið hafi verið skilið útundan á svo margan hátt. Umhirða, almennt viðhald á gangstígum, götum og öðru sem telst hluti af innviðum hverfisins hefur verið sett til hliðar fyrir aðrar áherslur. Miðflokkurinn í Reykjavík setur nemandann í fyrsta sæti og ætlar að breyta því sundurtætta bákni sem felur sig bakvið kerfislægan rekstur. Breiðholtið er líka Reykjavík.

Vigdís Hauksdóttir, oddviti
Miðflokksins í Reykjavík.

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, 3.
sæti hjá Miðflokknum í Reykjavík.



Vigdís
Hauksdóttir.



Sveinn Hjörtur
Guðfinnsson.

Hjarta Breiðholtsins

Hjarta Breiðholtsins, að mínu mati, slær í sundlauginni. Laugina hefur ég sótt frá blautu barnsbeini og má segja að laugarsvæðið hafi tekið stakkaskiptum, vatnsgufa, endurbættir klefar, kaldi potturinn handan við hornið og nýjasta viðbótin, heilsurækt í hjarta hverfisins. Þvílík lyftistöng fyrir hverfið og íbúa þess.

Fyrir utan sundlaugina er Elliðaárdalurinn sem er minn uppáhaldsstaður. Nálægð Breiðholtsins við dalinn, Árbæjarsafnið, uppbygging göngu- og hjólastíga síðustu ár, tengingin við náttúruna og fuglalíf er ómetanleg. Það eru forréttindi að búa í borg en á sama tíma hafa aðgang að þeirri náttúruperlu sem Elliðaárdalurinn er. Það eru lífsgæði sem seint verða metin til fjár. Heilsurækt er geðrækt. Að hafa góðan aðgang að heilsurækt í göngu- og hjólaflarlægð eru ein bestu lífsgæði sem völ er á.

Fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf innan hverfis

Mjög öflugt íþrótt- og tómstundastarf er í hverfinu og hefur bæst við flóruna frá því að ég naut góðs af starfinu. Barnafólk hverfisins veit hversu gott aðgengi ungviðið hefur að fjölbreyttu og skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi innan hverfis en skipulagt starf fyrir börn og ungmenni er ein allra besta forvörn sem völ er á. Haustið 2016 lagði ég upp í vegferð til að tryggja uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæði ÍR við Suður Mjódd, þannig að börnum hverfisins og komandi kynslóðum yrði tryggður aðgangur að fjölbreyttu íþróttasvæði um ókomna tíð. Samningur var undirritaður í ársbyrjun 2017 um uppbyggingu mannvirkja á landsvæðinu.

Aðbúnaður fyrir ungviði hverfisins eru mér hjartans mál og ég veit að mikil vinna hefur verið innt af hendi til að keyra framkvæmdir í gang, bæði af hálfu borgarinnar og forsvarsmanna ÍR. Breiðhytlingar eins og ég, hafa sýnt mikið langlundargeð í gegnum árin og við vitum öll að biðlundin er komin að þolmörkum. Það væri óskandi að skóflustunga yrði tekin sem fyrst og framkvæmdum þar með ýtt úr vör. Með vonina að vopni hef ég fulla trú á að þessar efndir verði að veruleika.

Það besta við Breiðholtið

Það besta við Breiðholtið finnst mér samt vera allur félagsauðurinn, fólkið, fjölbreytt menning og sýnileiki hennar. Það er ómetanlegt veganesi fyrir börn okkar allra og komandi kynslóðir að fá tækifæri til að alast upp í iðu margbreytileika. Það er gott að heyra ólík tungumál, kynnast því að heimurinn er stærri en bakgarðurinn heima og læra að við séum einstök á meðan við erum eins.

Breiðholt fyrir komandi kynslóðir

Þann 26. maí næstkomandi gefst íbúum Breiðholtsins tækifæri til að leggja mat á verkefni liðinna ára. Spurningin er einföld. Viltu áframhaldandi uppbyggingu innviða innan Breiðholtsins, með hagsmunum barnafólks og ungmenna að leiðarljósi. Ef svarið er já þá þarf að tryggja Samfylkingunni brautargengi með því setja X við S í kosningunum 26. maí 2018.

Áfram Breiðholt – Áfram Reykjavík.

Sara Björg Sigurðardóttir er þriggja barna móðir sem býr í Breiðholti og skipar 16. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

GIMLI

FASTEIGNASALA

FRÍTT
SÖLUVERÐMAT

GIMLI FASTEIGNASALA // GRENSÁSVEGI 13, 108 RVK // S: 570 4800 // WWW.GIMLI.IS

Er fjölskyldan að stækka?

Eru fuglarnir flognir úr hreiðrinu?

Eða er bara kominn tími á breytingar?

Endilega hafðu samband, við metum eignina þína, þér að kostnaðarlausu!



Halla Unnur Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali/
Ábyrgðarmaður Gimli
halla@gimli.is
s: 6594044



Elín Rósa Guðlaugsdóttir
Aðstoðarmaður fasteignasala/
Í löggildingarnámi
elinrosa@gimli.is
s: 7737126

www.facebook.com/hallaogelin

Einfaldara líf í Breiðholti

Við Breiðhýltingar þekkjum hverfið okkar vel og vitum hversu mikilvægt er að hlúa að sérstöðu þess. Það munum við í Viðreisn gera enda höfum við kynnt raunhæfar aðgerðir sem munu gera lífið í borginni einfaldara og betra.

Einfaldara skólalíf

Við setjum opnun ungbarnadeilda í forgang en munum einnig hækka niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum. Þannig tryggjum við fjölbreytt dagvistunarræði að loknu fæðingarorlofi. Leikskólar ættu að vera opnir allt sumarið svo fjölskyldur geti farið saman í frí þegar þeim hentar. Dagskrá grunnskólanna á að vera samfelld með þarfir barnanna í huga. Þess vegna er nauðsynlegt að ljúka sameiningu skóla- og frístundamála og tryggja þannig samtal og samstarf en auk þess viljum við öflugra frístundastarf fyrir börn í 5. til 7. bekk.

Leiðrétting kjara kvenna löngu tímabær

Löngu tímabær leiðrétting kjara kvennastétta er áherslumál Viðreisnar á landsvísi. Við ætlum að hækka laun kennara til móts við annað háskólamenntað starfsfólk borgarinnar. Með fjármagni til skólaþróunar og fjárveitingu til þriggja ára í stað eins veitum við kennurum og skólastjórnendum faglegt frelsi og svigrúm til starfa sinna sem bætir starfsumhverfið og gerir það eftirsóttara.

Atvinnulíf og iðandi mannlíf

Fjölbreytt atvinnulíf er forsenda blómstrandi mannlífs. Þess vegna viljum við stuðla að nýsköpun og samkeppni í hverfum borgarinnar. Í öllum hverfum má finna atvinnuhúsnæði sem fengið hefur annað hlutverk eða stendur tóm. Við teljum nauðsynlegt að snúa þessari þróun við og styðja við atvinnuþróun sem eykur þjónustu í nærumhverfinu og eykur hverfabrag. Þess vegna höfum við sett fram raunhæf loforð um fjárveitingu til atvinnuþróunar í Breiðholti og öðrum hverfum.

Jafna þéttingu byggðar

Reykjavík úr lofti er svolítið eins og óklárað bútasauksteppi. Til að klára saumaskapinn leggjum við áherslu á jafna þéttingu byggðar. Þetta köllum við inn með úthverfin því þannig tengjast hverfi borgarinnar í eina heild. Samhliða þéttingu og atvinnuþróun er nauðsynlegt að byggja upp gott samgöngukerfi svo íbúar borgarinnar komist með einföldum hætti á milli staða. Þar horfum við ekki síst til bættra almenningssamgangna en einnig uppbyggingar göngu- og hjólastíga.

Ekki lengur biðlistalíf

Við viljum einfaldri og skilvirkari stjórnsýslu sem þjónustar fólk í stað þess að þvælast fyrir. Við ætlum að útrýma löngu úreltri biðlistamenningu borgarinnar enda er algjörlega fráleitt að hvert sem litið er megi finna langa biðlista eftir þjónustu borgarinnar. Boðleiðir eiga að vera skýrar og hugsa þarf í langtímalausnum frekar en að plástra laskað kerfi. Samtal borgarstjórnar og íbúa verður að vera opið og því munum við standa reglulega vaktina í þjónustuveri borgarinnar og heyra þannig betur hvaða þjónustu er kallað eftir. Við megum nefnilega aldrei gleyma því að Reykjavíkurborg er fyrst og fremst þjónustuaðili sem á að veita borgarbúum góða þjónustu.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir er oddviti Viðreisnar í Reykjavík og Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir er frambjóðandi sama flokks.



Þórdís Lóa
Þórhallsdóttir.



Jóhanna
Dýrunn
Jónsdóttir.

Skráning á sumarnámskeið í Tíu12

Skráning á sumarnámskeið Tíu12 hefst 16. maí nk. á: www.rafraen.reykjavik.is fyrir börn fædd 2005 til 2007 sem eru að klára 5. 6. og 7. bekk. Starfið hefst mánudaginn 11. júní og verður í sex vikur.

Dagskrá verður alla daga frá kl. 9.30 nema á miðvikudögum byrjum við kl. 13. Skráning er nauðsynleg alla daga en við viljum vekja athygli á því að föstudagar verða fríir hjá okkur en skráning er nauðsynleg. Mæting verður á tvo staði í Breiðholti: Miðbergi, Hólmasel og/eða Bakkann í Breiðholtsskóla.

Dagskrá kemur út á næstu dögum en ýmislegt skemmtilegt verður gert, til dæmis lazer tag, bakstur, Skemmtigarðurinn og margt margt fleira.

Við hlökkum til að sjá sem flest börn.



M I ð B E R G
Félags- og upplýsingamiðstöð



Breiðholt Multicultural Festival

MAY 26TH
13:00-16:00

Featuring a bazaar with food, goods and artifacts, information sharing, and live performances

MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Breiðholt

Náttúra eða gervi- veröld í Elliðaárdal

Elliðaárdalurinn er einhver mesta náttúruparadís sem finnst í Reykjavík. Í miðri höfuðborg landsins renna veiðimenn fyrir laxi, umluktr kaninum sem hlaupa frjálssar um skóglendi. Það er varla orðum ofaukið að segja að um sé að ræða náttúrugræmi sem á sér enga hliðstæðu í veröldinni.

En þessi einstaki dalur okkar Reykvikinga á nú í vök að verjast sökum þess að borgarstjórn hefur gefið grænt ljós á uppbyggingu stærðarinnar glerhýsis, 13 metrar á hæð og yfir 3.800 fermetrar að flatarmáli, í miðjum dalnum. Þessi gríðarstóra bygging verður svo umlukin 8.700 fermetra lóð þar sem meðal annars verða um það bil 50 bílastæði.

Glerhýsið sem um ræðir ber heitið BioDome og mun hýsa einskonar gróðurhvelvingu. Stærð byggingarinnar gerir það að verkum að hún verður stórt og alvarlegt lýti á þessari mikilfenglegu náttúruparadís, þá mun hún jafnframt skerða útsýni íbúa í Stekkjunum og takmarka lífsgæði þeirra sem og allra borgarbúa. Jafnframt liggur það í augum uppi að talsverð ljósmengun mun verða af svo stórrí glerbyggingu.

Þá kom fram á nýlegum fundi sem haldinn var á vegum Hollvínasamtaka Elliliðaárdalsins um verndun Elliðaárdalsins að til að verkefnið standi undir kostnaði þurfi um það bil 800 – 1000 manns að kaupa aðgangseyri að hvelvingunni á hverjum einasta degi, þ.e. miðað við að aðgangseyrinn sé ígildi sirka tveggja bíómiða. Ekki verður í fljótu bragði séð hvernig slík fjárhagsáætlun á að ganga upp.

Samkvæmt aðstandendum verkefnisins, á byggingin að skapa vistvænt og nærandi umhverfi. Þó svo að vissulega sé þörf fyrir uppbyggingu vistvæns og nærandi umhverfis í Reykjavík þá er með öllu óskiljanlegt hvernig nokkrum manni dettur í hug að skapa slíkt umhverfi með því að rífa niður náttúruparadís og byggja gerviveröld í staðinn. En, eins og Joni Mitchell söng um árið, þá virðist það einhvern veginn alltaf vera þannig sumir vita ekki hvað þeir eiga fyrir en það er horfið.

Elsa Dóra Grétarsdóttir.

Höfundur er íbúi í Stekkjunum og áhugamaður um verndun Elliðaárdals.



Elsa Dóra Grétarsdóttir.

Seljaskóli

Þrír nemendur handhafar Siljuverðlaunanna

Sannkallaður hátíðardagur var í Seljaskóla 8. maí. Brynhildur Þórarinsdóttir hjá Barnabókasetri og Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefanda komu í skólann. Í hátíðarsalnum, fullsetnum nemendum 6. og 7. bekkja, upplýstu þær stóllur um ástæðu komu sinnar. Brynhildur tilkynnti að þrír nemendur í 7. bekk væru handhafar Siljuverðlaunanna í flokki yngri nemenda á landsvísi í ár.

Þetta eru þær Dagný Rós Hlynsdóttir, Íris Þöll Hróbjartsdóttir og Þóra Laufey Þórarinsdóttir. Þær sendu inn vandað og skemmtilegt myndband um bókina Skóladrauginn eftir Ingu Mekkin Beck. Í verðlaun hlutu þær bókaútgjöf og peningaverðlaun. En ekki nóg með það. Því með sigrinum unnu þær sér jafnframt inn 100 þúsund króna gjafabréf til innkaupa fyrir skólasafnið sitt. Þessar hæfileikaríku stelpur munu því setjast niður með bókasafnsfræðingnum sínum og velja spennandi bækur til innkaupa á safnið sem allir



Á myndinni eru Brynhildur Þórarinsdóttir, Bryndís Loftsdóttir, Íris Þöll Hróbjartsdóttir, Dagný Rós Hlynsdóttir, Þóra Laufey Þórarinsdóttir og Dröfn Vilhjálmsdóttir.

skólafélagar þeirra njóta góðs af.

Markmiðið með keppninni er að hvetja börn til að lesa og tjá sig um bækurnar sem þau lesa; að gera bóklestur sýnilegan og skapa jákvæðar lestrarfyrirmyndir; að

beina sjónum að barna- og unglingabókum og sköpunarkrafti krakka. Stillum tækjum og bókum ekki upp sem andstæðum heldur bjóðum börnunum upp á leiðir til að láta þessi ólíku galdratræki vinna saman.

Við eigum betra skilið Breiðhyllingar

XD er lausnin

Senn líður að borgarstjórnarkosningum og margir eru farnir að hugsa í listabókstöfum. Fyrir mér er einn flokkur ofar hinum, Sjálfstæðisflokkurinn. Ástæðurnar eru m.a. staðfesta og hugmyndaauðgi Sjálfstæðismanna, en að þessu sinni kveður einnig við nýjan tón. Tónn sem skiptir úthverfin miklu máli. Nú er farið að horfa á hvað Sjálfstæðisflokkurinn getur gert fyrir fólkið en ekki hvað fólkið geti gert fyrir núverandi borgarstjórnarmeirihluta, þar sem reynt er til ýtrasta á þolmörk Reykvikinga. Á framboðslista Reykjavíkurlista Sjálfstæðisflokksins nú eru sérstaklega frambærilegir einstaklingar sem vilja breytingar. Breytingar í þágu fólksins. Fyrir hópnum fer öflugur leiðtogi, Eyþór Arnalds.

Úr næsta nágrenni okkar eru tveir frambjóðendur, Egill Þór Jónsson úr Hólahverfi og Jórunn Pála Jónasdóttir úr Seljahverfi. Bæði ung, efnileg og uppálin á okkar slóðum. Hugmyndir þeirra um borgarlífið veita á gott, ekki síst hugsjón þeirra um austurbyggð borgarinnar. Einnig hafa þau bæði töluverða þekkingu á helstu málefnum og áskorunum allra aldurs hópa. Þetta unga fólk er sérstaklega víðsýnt. Hleypum þeim að.

Hagsmunum efri byggða verður sannarlega haldið hátt. Ekki bjóða allir flokkar upp á slíka breidd á framboðslistum sínum að borgarfulltrúar endurspegli öll hverfi borgarinnar, hvert fyrir sig. Það gerir Sjálfstæðisflokkurinn og hagsmunum efri byggða verður sannarlega haldið hátt á lofti, nái þau Egill Þór og Jórunn Pála inn í borgarstjórn. Raunar sitja þau í fjórða og níunda sæti á framboðslistanum og því eru mjög góðar líkur á því að þau nái bæði kjöri. Ég fullyrði að þau verði fyrirmyndarfulltrúar okkar, verði sú raunin. Til þess að það megi verða, þurfa sem flestir að gera sér ferð á kjörstað.

Núverandi borgarstjórn hefur ekki sýnt í verki að það búi fólk í Breiðholti. Jafnvel svo komið að „bétting byggðar“ er að færast út í úthverfin. Allt sem grænt er skal hverfa ef heldur fram sem horfir. Viljum við þannig borgarstjórn? Nei, segi ég. Nú er mál að linni.

Kosningarnar 26. maí n.k. gætu skipt sköpun varðandi lífsgæði Breiðhyllinga. Ef núverandi meirihluti í borgarstjórn verður áfram við völd verða Breiðhyllingar áfram afgangsstærð eins og reyndur er með önnur úthverfi Reykjavíkur. Því er mikilvægt að Egill Þór og Jórunn Pála fái tækifæri til að breyta borginni til hins betra!

Þitt atkvæði er Sjálfstæðismönnum hvatning til góðra verka. Mætum á kjörstað.

X-D, X-Egill Þór, X-Jórunn Pála!

Sigurður Ágúst Sigurðarson, forstjóri og ÍR-ingur.



Sigurður Ágúst Sigurðarson.

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkisögreglustjórnir

Hlynsmótið á sumardaginn fyrsta

Hið árlega Hlynsmót ÍR í knattspyrnu hjá 7. flokki karla fór fram í Egilshöllinni á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl síðastliðinn. Hlynsmótið er minningarmót um leikmann ÍR og þjálfara 7. flokks karla hjá ÍR, Hlyn Þór Sigurðsson sem varð bráðkvaddur langt fyrir aldur fram, einungis 18 ára gamall þann 25. nóvember 2009.

Að mótinu stóðu Knattspyrnudeild ÍR í samstarfi við foreldra drengja í 7. flokki. Líkt og undanfarin ár tókst vel til en þetta var í 9. sinn sem mótið var haldið. Strákarnir úr meistaraflokki ÍR tóku að sér dómgæslu á mótinu og foreldrar sáu um veitingasölu. Það voru hátt í 300 efnilegir knattspyrnuleikmenn sem tóku fagnandi á móti sumrinu og gáfu tóninn fyrir fótboldsumarið, ekki ólíklegt að einhverjir þeirra eigi eftir að láta til sín taka á stórmótum í framtíðinni.



Frá Hlynsmótinu á sumardaginn fyrsta.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR Íslandsmeistari í karate barna

Íþróttafélag Reykjavíkur varð í fyrsta skipti Íslandsmeistari félagsliða í karate barna á Íslandsmeistaramótinu 2018 sem haldið var í Smáranum laugardaginn 14. apríl s.l. Félagið var með yfirburði í stigafjölda í heildarkeppni félagsliða, samtals 41 stig og fékk sex Íslandsmeistaratitla af níu mögulegum, fjóra í einstaklingskeppni og tvo í hópka.

Félagið hlaut einnig sex silfurverðlaun, fjögur í einstaklingskeppni og tvö í hópka og fimm bronsverðlaun, eitt í hópka og þrjú í einstaklingskeppni. Á Íslandsmeistaramótið mættu ellefu félög til leiks með samtals 156 keppendur á aldrinum sex til ellefu ára. Yfirdómari mótsins var Kristján Ó. Davíðsson og mótsstjórn var í höndum Karate deildar Breiðabliks. Keppendur frá ÍR voru tuttugu og fjórir, þeir kepptu í einstaklingskeppni og skipuðu átta hópka. Þjálfari karate deildar ÍR er Vicente Carrasco, hann hefur margra ára reynslu í karateþjálfun. Íslandsmeistarar í kata barna 2018 frá karate deild ÍR:
- Sóley Rós Sæmundsdóttir



Karatehópur barna úr ÍR

- Íslandsmeistari 8 ára.
- Adam Ómar Ómarsson
- Íslandsmeistari barna 9 ára.
- Dunja Dagný Minic
- Íslandsmeistari bara 10 ára.
- Karen Ai Vi Ngo
- Íslandsmeistari barna 11 ára.

- Dunja Dagný Minic, Mía Duric, Trixi Hannah Tngot
- Íslandsmeistarar í hópka barna 10-11 ára.
- Sóley Rós Sæmundsdóttir, Þorleifur Gunnar Wernesson, Boris Jackiewicz
- Íslandsmeistarar í hópka barna 9 ára og yngri.

Arnar hljóp maraþon í Hamborg

Arnar Pétursson bætti enn einni rósinni í hnappgatið á hlaupabrautinni því hann hljóp á dögnum frábært maraþon í Hamborg í Þýskalandi. Tími Arnars var 2:24,13 klst sem er þriðji bestu tími Íslendinga í maraþonhlaupi frá upphafi.

Fyrir átti hann best 2:28,17 mín þannig að um gríðarlega bætingu er að ræða. Fyrri og seinni helmingurinn af hlaupinu var nánast eins og

segja má að splittin hafi verið negatíf en seinni helmingurinn var á 72.06 mín, einni sek hraðari en fyrri helmingurinn. Lokatíminn 1:24,13 klst gefur 922 IAAF árangursstig sem er afrekslega séð einn af tveimur bestu afrekum sem Arnar hefur unnið. Betri tíma eiga Kári Steinn Karlsson 2:17:12 klst síðan árið 2011 og Sigurður Pétur Sigmundsson 2:19.46 klst síðan árið 1985.

ÍR fimleikar í sumar

ÍR fimleikar munu standa fyrir sumarnámskeiði í fimleikum frá 12. júní til og með 31. júlí að því gefnu að næg þátttaka náist. Æft verður á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 15:30 til 17:00 í Breiðholtsskóla.

Námskeiðið er ætlað börnum fæddum 2011-2005. Námskeiðið hentar bæði byrjendum sem og þeim sem hafa áður æft með deildinni. Þjálfarar verða þær Elíana Sigurjónsdóttir og Tiana Ósk Whitworth auk gestakennara. Skráning fer fram inni á www.ir.is og er verðið 15.000 kr. fyrir allt námskeiðið.

Nánari upplýsingar veitir Fríða Rún Þórðardóttir frida@heilsutorg.is eða í síma 8988798.



Fimleikastúlkur úr ÍR.

Íslandsmótið í 10 km götuhlaupi

Arnar og Andrea fögnuðu sigri

Meistaramót Íslands í 10 km götuhlaupi fór fram í Grafarvogi og nágrenni 10. maí við ágætar aðstæður og luku 69 karlar og 36 konur keppni. ÍR-ingar voru sigursælir, en Arnar Pétursson og Andrea Kolbeinsdóttir fögnuðu sigri og Íslandsmeistaratitli.



Arnar hljóp á 32:45 mín og Andrea 37:27 mín sem er hennar besti tími í 10 km götuhlaupi, bæting um 10 sek. síðan 2015. Í kvennaflokki varð Elín Edda Sigurðardóttir ÍR í 2. sæti og Fríða Rún Þórðardóttir ÍR í 4. sæti. Í karlaflokki varð Þórólfur Ingi Þórsson í 3. sæti á 33:28 mín sem er um 10 sek frá hans besta, Vilhjálmur Þór Svansson ÍR varð í 4. sæti og Valur Þór Kristjánsson ÍR í 5. sæti. Arnar, Andrea, Þórólfur og Fríða Rún sigruðu sína aldursflokka.

Hlaupasumarið er þegar hafið og mörg hlaup á döfnni bæði á götunni og á brautinni.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

HAGSTÆTT FYRIR HEIMILIÐ



Kjörfugl bringur
1.599
kr. kg.



D Léttmjólk 1L
149
kr. stk.



Myllu heimilisbrauð
349
kr. stk.



Iceland